

Hverfisráð Hríseyjar

98. fundur

Föstudaginn 15. apríl kl. 09.45 var 98. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein. Mættir voru: Anton Steinarsson, Hermann J. Erlingsson og Þorgeir Jónsson. Formaður setti fundinn

Dagskrá:

- Austurvegur.**
Hverfisráð lýsir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun að hætt sé við fyrirhugaðar framkvæmdir við Austurveg. Ráðið óskar eftir fundi með formanni framkvæmdaráðs og yfirmanni framkvæmdadeildar.
- Bifreiðaskoðun.**
Frumherji hefur auglýst að þeir muni ekki koma með bifreiðaskoðun til Hríseyjar aftur. Formaður hefur verið í sambandi við Tékkland vegna málsins og bíður svara frá þeim um hvort þeir sjái sér fært að koma og skoða bíla í Hrísey. Þorgeir óskar eftir að bókað verði að hann fagni þessu átaki hjá Frumherja enda sé það í takt við þá stefnu að fækka bílum í eyjunni.
- Framkvæmdir á svæði.**
Rætt um áframhald á framkvæmdum á hátíðarsvæði. En á fundi framkvæmdaráðs 19.febrúar sl. var ákveðið að framlag til hverfisnefnda yrði kr. 1,5 m.kr á árinu 2016. Hverfisráð fagnar því og hefur óskað eftir því að áfram verði haldið með framkvæmdir við að koma upp skjóli við grillin sem sett voru upp á síðasta ári. Undir þessum lið mættu á fundinn Björgvin og Einar Hjörleifssynir frá EB ehf á Dalvík. Ákveðið að ganga til samninga við þá um að helluleggja við grillin og einnig var skoðuð hugmynd að frekari uppbyggingu á svæðinu. EB ehf mun senda tilboð á hverfisráðið.
- Hreinsunardagur.**
Fyrirhugað að hafa árlegan hreinsunardag 11. júní ef allur snjór verður farinn. Sama fyrirkomulag verður að deginum og venjulega.
- Íbúafundur/aðalfundur hverfisráðs.**
Miðvikudaginn 25. maí verður aðalfundur hverfisráðsins haldinn í Hlein kl. 16.30. Á fundinn mæta bæjarstjóri og embættismenn bæjarins. Undibúningsfundur verður haldinn 6. maí.

6. **Önnur mál.**

Farið yfir svör frá hafnarstjóra varðandi bréf sem sent var til hans eftir síðasta fund hverfisráðsins. Hverfisráðið þakkar fyrir skjót og skýr svör.

Innkomið bréf frá Narfa Björgvinssyni varðandi fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu hafnarsvæðis í Hrísey. Hverfisráð þakkar Narfa fyrir góðar ábendingar og mun koma þeim á framfæri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.00

Anton M. Steinarsson
Hermann J. Erlingsson
Þorgeir Jónsson

Fundargerð rituð af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.